

styrki í síðasta lagi 1. nóvember og 1. júlí ár hvert og skulu umsóknir hafa borist sjóðstjórn fyrir 1. ágúst og 1. desember. Skilyrði fyrir styrkveitingu úr sjóðnum er að viðkomandi sé fullgildur félagsmaður í Félagi heyrnarlausra.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Einn þeirra skal tilnefndur til tveggja ára í senn af Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Tveir stjórnarmanna skulu kosnir til tveggja ára í senn á aðalfundi Félags heyrnarlausra og skulu þeir vera fullgildir félagsmenn í Félagi heyrnarlausra.

Stjórnin tekur allar ákvarðanir varðandi styrki og ráðstöfun tekna.

5. gr.

Félag heyrnarlausra annast varðveislu sjóðsins, reikningshald og löggilta endurskoðun á reikningum sjóðsins.

6. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema a. m. k. tveir stjórnarmenn samþykki breytinguna.

7. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til svipaðrar starfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. apríl 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Umhyggju.

1. gr.

Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum, hefur stofnað sjóð sem heitir Styrktarsjóður Umhyggju.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er gjöf Haraldar Böðvarssonar hf. að upphæð 1.000.000 kr.

3. gr.

Höfuðstóll sjóðsins telst vera stofngjöfin, sbr. 2. gr. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Vextir og arður af eignum hans.
- b) Gjafir og áheiti sem honum kunna að berast.
- c) Fé og annað verðmæti sem safnast í nafni hans.
- d) Aðrar tekjur.

Stjórn sjóðsins skal varðveita eignir hans og leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt þannig að hann nái að þjóna tilgangi sínum sem best.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fjölskyldur langveikra barna með fjárframlagi þegar fjárhagserfiðleika má rekja til veikinda viðkomandi barns. Fjölskyldur sem ekki hafa aðgang að styrktarsjóðum einstakra foreldrafélaga langveikra barna skulu njóta forgangs að styrkjum úr sjóðnum.

Einnig er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til verkefna sem unnin eru í þágu langveikra barna og fjölskyldna þeirra.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm einstaklingar. Stjórn Umhyggju tilnefnir fjóra þeirra og jafnmarga til vara. Prófessorinn í barnalækningum tilnefnir hinn fimmta ásamt varamanni að höfðu samráði við forstöðulækna barnadeilda landsins.

Tilnefningar skulu gilda í eitt ár í senn. Enginn skal sitja í stjórn sjóðsins lengur en í sex ár í senn.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Gjaldkeri skal hafa á hendi vörslu sjóðsins.

Stjórnarfundir skulu haldnir a.m.k. tvisvar á ári og skal til þeirra boðað af formanni. Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðarbók um ákvarðanir sínar og um hvaðeina er varðar rekstur sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal tilnefna þrjá einstaklinga í styrktarnefnd til að annast styrkveitingar úr sjóðnum samkvæmt umsókn. Stjórn sjóðsins, í samráði við stjórn Umhyggju, skal setja styrktarnefndinni starfsreglur, þ.m.t. um hámarksfjárhæð styrks og heildarfjárhæð styrkja á ári hverju.

Stjórnin skal velja í styrktarnefnd einstaklinga sem hafa sérþekkingu á málefnum langveikra barna og fjölskyldna þeirra. Um vanhæfi styrktarnefndarmanna vegna umfjöllunar einstakra umsókna gilda almennar reglur. Styrktarnefnd skal halda sérstaka gerðarbók um ákvarðanir sínar.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

9. gr.

Endurskoðaðir reikningar sjóðsins skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður hvorki breytt né Styrktarsjóður Umhyggju lagður niður nema með einróma samþykki sjóðstjórnar og að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

Verði sjóðurinn lagður niður skal eignum hans ráðstafað í þágu hagsmuna langveikra barna.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari. Jafnframt fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Umhyggju nr. 54 17. janúar 1997.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. mars 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að einstefna verði til austurs á Öldugötu milli Ægisgötu og Garðastrætis. Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 5. apríl 1999.

Böðvar Bragason.